

(utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistæki, eldavél og 271 hitunartæki, raflagnir og ljósatæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, leiksviðstjöld, 21. des gólf í samkomusal o. s. frv.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skirskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagshemili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Eskifirði, 25. júlí 1950.

F. h. U. m. f. Austra, Eskifirði.

Hlökkver Jónsson,
varaformaður.

Bóas Emils,
gjaldkeri.

Lára Hólm,
ritari.

Framanskráðar reglur staðfestast hér með samkvæmt 8. gr. laga nr. 77/1947.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. desember 1950.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

272

30. des.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi,
nr. 64 21. apríl 1948.

1. gr.

Í 3. mgr. 35. gr. B. Brotfluttar vörur, í stað „kr. 7.60“ komi: kr. 10.00.

Í 4. mgr. 35. gr. B., í stað „kr. 0.70 af hverri tunnu“ komi: kr. 1.00 af hverjum 100 kg.

2. gr.

Við VII. kafla reglugerðarinnar (hafnargjöld) bætist nýr liður, svo hljóðandi:

Vatnsgjald.

Allir bátar eða skip, sem fá vatn hjá höfninni, greiði fyrir það kr. 10.00 fyrir hverja smálest. Minnsta gjald skal þó vera kr. 20.00 í hvert sinn.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1950.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.